



Fjallabyggð, 3. júní 2021

Efni: Umsögn slökkviliðsstjóra í Fjallabyggð um drög að reglugerð um öryggiskröfur fyrir jarðgöng.

Undirritaður hefur, að ósk bæjarstjóra Fjallabyggðar, unnið eftirfarandi umsögn um drög að breytingum á reglugerð um öryggiskröfur fyrir jarðgöng á Íslandi. Slökkvilið Fjallabyggðar hefur á sínu starfssvæði flest jarðgöng, Múlagöng (3.400m), Héðinsfjarðargöng (7.100m + 3.900m) og Strákagöng (800m) samtals 15.200m.

Jarðgöng í Fjallabyggð eru byggð upp á árunum 1965-2010. Á þeim áratugum sem liðnir eru hafa öryggiskröfur breyst umtalsvert, samfélagið hefur breyst og þróast og umferð hefur aukist umfram það sem gert var ráð fyrir.

Líkt og í gildandi reglugerð er markmiðið með breytingunum að tryggja öryggi vegfarenda sem um jarðgöng fara.

Því er ekki til að taka að öryggi sé þegar tryggt í jarðgöngum í Fjallabyggð. Sveitarfélagið og slökkviliðið hefur um langa hríð kafið Vegagerðina um úrbætur í Múla- og Strákagöngum án þess að við því hafi verið brugðist á fullnægjandi hátt, sama má segja um Héðinsfjarðargöng. Samgöngustofa gerði úttekt á jarðgöngum í sveitarfélaginu haustið 2020 og fólst hún í að skoða hlýtni við gildandi reglugerð 922/2007 og hlýtni við norska jarðgangastaðalinn N500 sem Vegagerðin styðst við.

Frá úttekt Samgöngustofu (Tilv.: 2005246/HZ) eru enn frávik útistandandi til þess að lágmarksöryggi sé tryggt í jarðgöngum á svæðinu. Þann 25. febrúar sl. var staðan svona í Múla- og Héðinsfjarðargöngum;

Múlagöng:

Engir brunahanar eru í eða við göngin og ekki er tryggt að nægilegt vatn fái eftir öðrum leiðum Dalvíkurmegin. Samkvæmt gildandi reglugerð skal vatnsveita vera í öllum jarðgöngum. Sé vatnsveita ekki tiltæk er skylt að tryggja að nægilegt vatn fái eftir öðrum leiðum. Í svarbréfi Vegagerðarinnar er sagt að leysa eigi úr því í samráði við slökkviliðsstjóra. Það hefur ekki verið gert. Jafnframt er Vegagerðin minnt á að stofnuninni er skylt að tryggja aðgang að vatnsveitu.

Klæðningar eru ekki eldvarðar. Samgöngustofa bendir Vegagerðinni á að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Fjallabyggðar og bæjarstjórn Fjallabyggðar geri kröfur um að Vegagerðin komi með áætlun um endurbætur á klæðningu í Múlagöngum og uppfylli þar með lágmarkskröfur sem tiltekna eru í gildandi reglugerð.

Ekkert útvarpssamband er í Múlagöngum en Vegagerðin hefur ekki sett upp áætlun eða svarað því með afgerandi hætti hvort eða hvenær úr því verði bætt.

Héðinsfjarðargöng: Neyðarstöðvar eru á 250m fresti þrátt fyrir að samkvæmt gildandi reglugerð, þ.e. gr. 2.10.3 í l. viðauka, skulu neyðarstöðvar vera á 150m fresti. Þá er samkvæmt grein 1.2.2. í umræddum gildandi l. viðauka reglugerðarinnar óheimilt að veita undanþágu er varðar fjarlægð á milli neyðarstöðva.

Ekkert útvarpssamband er í Héðinsfjarðargöngum og Vegagerðin hefur ekki svarað því með afgerandi hætti hvort eða hvenær úr því verði bætt.

Engin neyðarlýsing er í göngunum. Samkvæmt gildandi reglugerð skal neyðarlýsing vera til staðar í ekki meira en 1,5m hæð til að leiðbeina fótgangandi vegfarendum út úr jarðgöngum.

Varaafslgjafi Ú7 náði ekki fjögurra tíma virkni.

Sama á við í úttekt Samgöngustofu í Strákagöngum en þau uppfylla ekki kröfur sem gerðar eru til jarðganga í dag og lítið hefur verið gert til þess að færa göngin þó nær núgildandi öryggiskröfum. Þá er slökkviliðsstjóra ekki kunnugt um að Vegagerðin hafi nokkru sinni unnið áhættumat á Strákagöngum.

Í fyrstu grein í drögum að breytingum / nýrri reglugerð um öryggi í jarðgöngum er orðalagi 1. greinar um markmið með setningu reglugerðarinnar breytt. Í núgildandi reglugerð nr. 992/2007 segir; „Markmið reglugerðarinnar er að kveða á um ráðstafanir sem stuðla að öryggi vegfarenda í jarðgöngum með því að koma í veg fyrir hættuleg atvik sem kunna að stefna mannlífum, umhverfinu og gangamannvirkjum í hættu og með því að kveða á um viðeigandi ráðstafanir ef slys eiga sér stað.“

Í drögum að nýrri reglugerð segir í 1. gr. „Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja lágmarksöryggi vegfarenda í jarðgöngum hér á landi með því að koma í veg fyrir hættuleg atvik sem kunna að stefna mannlífum, umhverfinu og gangamannvirkjum í hættu og með því að kveða á um viðeigandi ráðstafanir ef slys verða.“

Með orðalaginu „að tryggja lágmarksöryggi vegfarenda...“ telur slökkviliðsstjóri að verið sé að gjaldfella það að eigendur jarðganga tryggi að fullu það öryggi sem á að vera til staðar í jarðgöngum. Slökkviliðsstjóra er ekki kunnugt um að eigandi eða forráðamaður jarðganga á Íslandi hafi nokkru sinni gert meira en kröfur segja til um til þess að tryggja öryggi vegfarenda í jarðgöngum. Frekar hefur verið farið á svig við þær reglur og skyldur sem settar eru til þess að lágmarka kostnað við byggingu og rekstur jarðganga líkt og gögn varðandi jarðgöng í Fjallabyggð sýna.

Svo virðist sem ný reglugerð taki undir með Vegagerðinni að eðlilegt sé að nýra öryggi í jarðgöngum í flokki II þar sem fjarlægð á milli neyðarstöðvar verði 250m en ekki 150m líkt og gerð er krafa um í l. viðauka núgildandi reglugerðar 1.2.2.

Þá virðist drögin einnig taka ákvörðun um að of kostnaðarsamt sé að ráðast í viðhald og uppbyggingu jarðganga í flokki III þar sem gildi ákvæði um lýsingu, loftræstingu, neyðarstöðvar, vatnsveitu, umferðarmerki, stjórnstöð, vöktunarkerfi, búnað til lokunar, fjarskiptakerfi, aflgjafa, aflrásir og um brunapol búnaðar. Slökkviliðsstjóri telur ótækt að ekki séu settar kröfur um að jarðgöng í flokki III séu uppfærð með tilliti til öryggis eins nálægt því og kostur er að vera samkvæmt kröfum í flokki I.

Fjallabyggð sker sig frá öðrum umdæmum sem hafa jarðgöng. Sveitarfélög á Tröllaskaga geta einangrast vegna veðurfars og í þeim aðstæðum er ekki tryggt að aðstoð berist úr öðrum umdæmum verði alvarlegur atburður á

svæðinu. Því þurfa viðbragðsaðilar á svæðinu að vera sjálfbjarga komi til slíkra aðstæðna. Þess þá heldur þarf að tryggja að aðbúnaður í Múla-, Héðinsfjarðar-, og Strákagöngum vegna öryggis sé til staðar og minnki líkurnar á því að hættulegir atburðir geti átt sér stað. Viðbragð vegna atburða þarf að vera til staðar og viðbragðsaðilar eiga að geta gengið að því vísu að öryggi þeirra sé tryggt komi til björgunar eða aðgerða í göngum.

Til að mynda hefur úttekt slökkviliðsstjóra sýnt fram á að fjarskipti í öllum göngum á svæðinu er ábótavant og ekki tryggt að Tetra fjarskipti séu hnökralaus. Útvarpsútsendingar eru ekki til staðar til þess að koma skilaboðum á framfæri.

Reglugerðin þarf að tryggja að eigandi jarðganga fari eftir reglum og leiðbeiningum í hvívetna og að ekki sé hægt að fara á svig við þær kröfur sem gerðar séu. Reglugerðinni þarf einnig að fylgja fjármagn svo eiganda jarðganga sé unnt að tryggja öryggi vegfarenda. Það er ekki hægt að leggja það á herðar sveitarfélaga líkt og Fjallabyggð að sveitarfélagið standi straum af kostnaði sem eiganda ber reglum samkvæmt hvort sem það snúi að aðbúnaði í göngum eða viðbragði viðbragðsaðila vegna atburða.

Þá þarf að tryggja að þó jarðgöng tilheyri ekki samevrópska vegakerfinu að þá sé öryggi í þeim tryggt. Hættan í þeim er engu minni en í jarðgöngum sem tilheyra þjóðvegakerfinu.

Í tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2004/54/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarksöryggiskröfur fyrir jarðgöng segir í 251 gr. sáttmálans;

8. liður: „Sum jarðgöng í Evrópu, sem tekin voru í notkun fyrir löngu síðan, voru hönnuð þegar tæknilegir möguleikar og samgönguskilyrði voru afar ólík því sem þau eru í dag. Því er öryggisstig misjafn og úr því skal bætt.“
25. liður: „Hvetja skal aðildarríkin til að koma á sambærilegu öryggisstigi í veggöngum sem staðsett eru á yfirráðasvæðum þeirra en eru ekki hluti af samevrópska vegakerfinu og falla því ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar.“
26. liður: „Hvetja skal aðildarríkin til að þróa innlend ákvæði sem miða að því að koma á hærra öryggisstigi í jarðgöngum.“

Ekki er að sjá í drögum í nýrri reglugerð að unnið sé að þessari tilskipun Evrópusambandsins.

Sameiginlegt markmið samgönguyfirvalda, Vegagerðarinnar, sveitarstjórnar og slökkviliðs er óumdeilt. Það er að tryggja öryggi vegfarenda sem nota jarðgöng. Það er ekki gert með rýra þær kröfur sem þegar eru í gildi og auðvelda ekki störf viðbragðsaðila verði atburður í jarðgöngum.

Virðingarfyllt


Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri

The stamp is an oval shape with the text "FJALLABYGGÐ" at the top and "SLÖKKVILIÐSSTJÓRI" at the bottom. In the center, there is a coat of arms featuring a shield with a sun, a mountain, and a river, flanked by two figures.